



## Greinargerð.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir svo: „Varnarsamningurinn við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu.“

Menn hefur greint á, hvað felist nákvæmlega í þessu ákvæði, en ekki verður undan því vikist, að megininntakið er, að allur bandarískur her verði af landi brott á kjörtímabilinu.

Nú er sýnt, að stjórnarflokkarnir hyggjast hlaupast frá þessu undir því yfirskeyni, að aðildin að NATO leggi Íslendingum á herðar þær skyldur, að NATO-rikin hafi hér aðsetur fyrir flugsveit, flugvirkja og löggæslu. En skyldur Íslendinga við NATO eru eingöngu þær, sem felast í NATO-samningnum sjálfum og þeim fyrirvara, sem gerður var af Íslands hálfu, þegar sá samningur var samþykktur af Alþingi árið 1949. Megininntak hans var, að vopnuð árás á einn aðila skuli talin vopnuð árás á þá alla, og komi til slíkrar árásar, muni hver aðili gera þær ráðstafanir, sem hann telji nauðsynlegar til þess að koma aftur á og varðveita öryggi Norður-Atlantshafsvæðisins. Og samningsaðilar lýstu yfir eftirfarandi:

1. Að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði, og það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða yrði látin í té.
2. Að allir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.
3. Að viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her.
4. Að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum.

Af þessu má ljóst vera, að við Íslendingar höfum engar skyldur vegna NATO-aðildarinnar að hafa hér her eða herstöðvar á friðartímum, og á ófriðartímum er það á valdi Íslendinga einna að ákveða, hvort NATO fengi hér svipaða aðstöðu og í síðasta stríði.

Í ræðu á Alþingi hinn 12. nóv. s. l. komst Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra svo að orði, að markmið ríkisstjórnarinnar væri „að reyna að endurskapa það ástand, sem hér ríkti á árunum 1949—1951.“ Þetta er í fullu samræmi við málefna-samninginn og stefnir að brottför alls bandarísks herliðs af Íslandi. En nú virðast stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um, að herinn skuli ekki allur fara, heldur aðeins fækkað í honum. Jafnframt þessu hefur verið gefist upp við að láta bandaríska liðið hverfa af landi brott á kjörtímabilinu, og miðað er við, að brottflutningi þess liðs, sem fara á, skuli lokið fyrir árslok 1975 eða jafnvel síðar.

Núverandi kjörtímabili lýkur á miðju ári 1975, og eru nánast engar líkur til, að næsta ríkisstjórn Íslands verði mynduð af sömu flokkum og nú skipa hana. Má benda á að einn stjórnarflokkanna, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, rær lífróður til að sameinast einum stjórnarandstöðuflokkanna, Alþýðuflokknum, en allir þingmenn hans hafa lýst yfir andstöðu sinni við brottvísun bandaríska herliðsins. Frestun brottfarar varnarliðsins að einhverju leyti fram á næsta kjörtímabil merkir í reynd, að ríkisstjórnin hefur gefist upp við framkvæmdina.

Þar sem ærin rök hníga í þá átt, að viðræðugrundvöllur stjórnarflokkanna við Bandaríkin verði nútíma Gyfaginning: að herinn fari án þess að hann fari, þykir tillögumanni óhjákvæmilegt að flytja þessa þingsályktunartillögu til þess að gefa stjórnarflokkunum færi á að standa við þau fyrirheit, sem gefin voru um brottför varnarliðsins í málefnasamningnum.

Það fer ekki fram hjá neinum, að skoðanir eru mjög skiptar með Íslendingum um veru bandaríska varnarliðsins hér á landi. Þó munu flestir vera á einu máli um, að þeir vilja ekki 1) hafa hér her á friðartímum og 2) um aldur og ævi.

Að sjálfsgöðu er friður rofinn alltaf öðru hverju í veröldinni, en það friðrof er staðbundið í fjarlægum heimsálfum. Varla telja menn, að hér þurfi að vera her í

landi, svo lengi sem það gerist, því að það fæli í sér ævarandi hersetu. Það, sem skiptir hér máli, er friðurinn í þeim heimshluta, sem við lifum í, og samskipti stórveldanna, einkum Bandaríkjamanna og Sovétmanna. Á síðustu tímum hafa ýmsir þeir atburðir gerst, sem benda eindregið til þess, að friður hafi styrkst í okkar heimshluta og samskipti risaveldanna tveggja hafi batnað.

Því til sönnunar má benda m. a. á, að hinar sífelldu ófriðaröldur, sem risu upp af stöðu Berlínar, hefur nú lægt. Þýska sambandslýðveldið hefur nú tekið upp stjórnmálasamband við Þýska alþýðulýðveldið. Og jafnframt því sem þau hafa samið um réttarstöðu Berlínar, hafa bæði þessi ríki orðið aðilar að Sameinuðu þjóðunum. Þá hefur Þýska sambandslýðveldið tekið upp stjórnmálasamband við flest alþýðulýðveldin í Austur-Evrópu. Þetta mega heita ein merkustu þáttaskil í sögu Evrópu frá stríðslokum og horfir ótvírætt í friðarátt.

Eins og kunnugt er, hafa risaveldin tvö hvort í sínu lagi komið sér upp hernaðarbandalögum, og leikur grunur á, að þau vilji ógjarnan, að þau leysist upp, því að þau eru staðfesting á stórveldisaðstöðu þeirra og valdaáhrifum. Þau hafa skipt veröldinni í áhrifasvæði, og erum við Íslendingar á áhrifasvæði Bandaríkjamanna. Engu að síður eru glögg merki um það, að sambúð þeirra fer batnandi. Má benda á gagnkvæmar heimsóknir þjóðarleiðtoganna og stórlega aukin samskipti milli landanna, öryggismálaráðstefnuna í Vínarborg og afvopnunarráðstefnuna í Genf. Allir hernaðarsérfræðingar munu vera sammála um, að ekki komi til beinna hernaðarátaka milli risaveldanna, Kúbudeildan, innrásin í Tékkóslóvakíu og ófriðurinn fyrir Miðjarðarhafsbotni séu órækur vitnisburður. Það er því tæpitungulaust hægt að segja, að um þessar mundir sé með friðsamlegasta móti frá stríðslokum í okkar heimshluta.

Þeir menn, sem segjast ekki vilja hafa hér á landi herstöðvar um aldur og ævi, verða þá að gera grein fyrir því, hvaða aðstæður þurfi að ríkja í heiminum, til þess að unnt sé að láta bandaríska varnarliðið hverfa af landi brott. Nú vita allir, að varnarliðið hér á að vera trygging gegn hugsanlegri árás Sovétmanna. Er þá ætlun þeirra, sem vilja hafa varnarliðið kyrrt, að rússneski kommúnisminn verði að líða undir lok, til þess að herinn fari? Þetta merkir í reynd, að bandarískt varnarlið verður hér um ófyrirsjáanlega framtíð.

Þeir, sem vilja fyrir alla muni ríghalda í varnarliðið, reyna að beita þeim lævislega áróðri, að Íslendingar eigi tveggja kosta vól: annaðhvort að hafa hér bandarískt varnarlið eða Sovétmenn muni seilast hér til mikilla áhrif eða jafnvel hernaðarlandið. En þetta er háskalegur áróður í meira lagi, alrangur og óþjóðhollur. Deiluefnið er alls ekki það, hvort hér eigi að vera bandarískt eða rússneskt herlið. Nær allir Íslendingar telja sig til vestrænna lýðræðisþjóða og vilja hafa samstöðu með heim. Krafa um brottför varnarliðsins er borin fram af þeim metnaði hverrar sjálfstæðrar þjóðar að vilja búa ein í eigin landi án erlends hers. Bandaríkin eru vinveitt þjóð, en engu að síður stórveldi með stórveldishugsjónir og stórveldisstefnu. Og það þarf enga sögulega þekkingu til að skilja, hvílikur háski er búinn fámenntri þjóð að hafa herlið erlends stórveldis til langframa í landi sínu.

Árið 1945 fóru Bandaríkin fram á herstöðvar á Íslandi til 99 ára. Því var einróma hafnað af Íslendingum. Þá var hugarfar íslensku þjóðarinnar ómengað. Nú hefur verið varnarlið hér á landi í tæp 23 ár látlaust í skjóli varnarsamningsins frá 1951. Enginn vafi er á því, að Bandaríkjamenn færu nú héðan af landi brott með herlið sitt, ef þess væri óskað. Óvíst er, að svo verði síðar meir. En nú eru til Íslendingar, sem vilja hafa erlenda herstöð í landi sínu. Þeim þykir hún sjálfsgætur blutur í daglegu lífi sínu eins og vatn og brauð, ekkert líf, ekkert öryggi án erlends hers í landinu. Varnarliðið bandaríska hefur mengað svo hugarfar margra Íslendinga, að þeim finnst þeir vart geta lifað án þess.

Mengun hugarfarsins er nú komin á það alvarlegt stig, að brottför varnarliðsins þolir enga hið, ella blasir við herseta á Íslandi til frambúðar.